

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 7. apríl 2015 á Kjóavöllum.

## 3. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Kristín Njálsdóttir, Hermann Vilmundarson, Linda Gunnlaugsdóttir, Ragna Emilsdóttir, Lárus Finnbogason, Ólafur Blöndal og Magnús Benediktsson framkv.stj. Sigurður Tyrfingsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Dagskrá næstu vikna, skipulag og skipting verka. MB fór yfir dagskrá næstu vikna og eru nokkrir stórir viðburðir framundan eins og t.d. Stóðhestaveislan 11. apríl, Kvennatölt Sprettis 18. apríl, Firmakeppnin og unghrossamót. Farið yfir skipulag vegna þessa.
3. Nefndir og sjálfboðaliðar. Linda fór yfir störf nefnda og mikilvægi þess að við komum okkur upp lista yfir sjálfboðaliða til að létta undir bæði með nefndum og stjórn félagsins. KN lagði til að hver nefndarformaður yrði beðinn um að setja niður 6-7 nöfn á blað með símanúmerum og netföngum – það gæti gefið okkur lista yfir ca. 50-60 manns sem væri aðgengilegur fyrir framkv.stjóra, stjórnarmenn og formenn nefnda. Allir sammála um nauðsyn þess að koma upp slíkum lista þar sem mikil þörf er fyrir viljuga félagsmenn til aðstoðar við hin ýmsu verk sem til falla í tengslum við starfsemi félagsins.
4. Vellir og skúrar/gámar, staðan. Búið var að tilkynna tjón sem varð á þulaskúrum í óveðrinu 14. mars sl. til VÍS. Ekki hefur enn verið framkvæmt tjónamat af starfsmönnum frá VÍS. Ákv. að óska eftir því við VÍS að þessu verði hraðað þannig að hægt verði að gera ráðstafanir varðandi viðgerð eða kaup á nýjum skúrum eða leigu á gámum tímabundið. Einnig varð vatnstjón á keppnisvöllunum sem búið er að yfirfara, sérstaklega í kringum aðkomuna að þeim. ÓB og MB sjá um samskiptin við VÍS vegna þessa.
5. Reiðskólar sumarsins. Lárus hefur unnið að málum gagnvart reiðskóla á svæðinu. Málið rætt og verður tekið fyrir aftur á næsta fundi stjórnar.
6. Íslandsmótsnefnd. LG og MB lögðu fram tillögur að starfsmönnum fyrir Íslandsmótið og vinnuhópum. Gengið verður frá skipun í Íslandsmótsnefndina sjálfa á næsta fundi.
7. Lokaúttekt reiðhalla – staðan. Staðan óbreytt frá síðasta fundi stjórnar. Ákv. að fela varaformanni að óska eftir því við byggingastjóra að senda bréf til JÁ-verks og óska eftir því að framkvæmdar verði þær endurbætur sem þarf að vinna vegna galla á húsinu sem fyrst. Búið var að senda lista með samantekt vegna þeirra galla sem komið hafa í ljós á húsinu og sannarlega eru á ábyrgð verktakans að laga.
8. Kvennatölt Sprettis. Kvennatöltsnefndin hefur unnið að undirbúningi fyrir mótið og er skráning hafin.

9. Nefnd á vegum Íslandsstofu um markaðssetningu íslenska hestsins. LG upplýsti um fund varðandi markaðssetningu íslenska hestsins í Borgarnesi í næstu viku. Spretti boðið að senda fulltrúa á fundinn.
10. Önnur mál. MB vék af fundi. Starfsmannamál rædd en eins og fram kom á síðasta fundi þá hafa verið mikil umsvif í kringum rekstur félagsins í vetur. LF lagði fram tillögu að tímabundinni ráðningu starfsmanns í 30% starf til að sinna ákveðnum verkefnum sem ekki heyra undir starf framkvæmdastjóra. Samþykkt að ráða starfsmann í 30% starf til þriggja mánaða sem verður endurskoðað að þeim tíma liðnum. Rætt um laun skv. kjarasamningi SA og VR.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir